Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar.
Eilítið um hljómsveitina.

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar var stofnuð haustið 1995 og eru sömu aðilar í hljómsveitinni nú og voru í upphafi. Til ársins 2000 starfaði hljómsveitin á Egilsstöðum, en í dag búa meðlimir hennar á Egilsstöðum, Akureyri og Reykjavík, en þeir eru:
Árni Jóhann Óðinsson.Egilsstöðum, gítar-söngur. Líffræðingur, starfsmaður Heiðbrigðiseftirlits Austurlands.
Daníel Friðjonsson. Reykjavík, trommur. Tónlistakennari við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar.
Friðjón Ingi Jóhannsson. Akureyri, bassi-söngur. Mjólkurfræðingur. Mjólkureftirlitsmaður hjá MS

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar, hefur í gegnum tíðina spilað vítt og breitt um land allt.
Hljómsveitin leggur mikla áherslu á það að laga sig að þeim aðstæðum sem uppi eru hverju sinni og reyna á þann hátt að ná til sem flestra hópa með fjölbreyttri danstónlist.
Hljómsveitin leggur höfuðáherslu á aldursblandaðar samkomur svo sem árshátíðir og þorrablót, ásamt dansleikjum og dansstöðum með blandaða aldurssamsetningu, eða markhóp um og yfir "miðjan aldur".

Sérstakt áhugamál hljómsveitarinnar fyrir utan dansleikjaspilamennsku, er söfnun og varðveisla á austfirskri (íslenskri) alþýðu dans- og dægurlagatónlist og í tengslum við það verkefni hefur útgáfa hljómsveitarinnar "Staksteinar" gefið út 3 diska, auk þess að koma að söfnun efnis á 50 ára afmælisdisk Egilsstaðabæjar 1997. Þá kom hljómsveitin að útgáfunni "Fjörðurinn okkar" sem inniheldur efni laga og textahöfunda frá Borgarfirði eystra.

Einnig má nefna að útgáfa hljómsveitarinnar gaf út tvöfaldan disk árið 2003 með barnasögum eftir Sigurð Ó. Pálsson í flutningi Jónbjargar Eyjólfsdóttur.

Nú hefur MÚSÍK ehf gefið út diskinn 44 íslensk alþýðu dans- og dægurlög, en þar er um að ræða tvöfaldan safndisk með íslensku efni, af þeim diskum sem hljómsveitin hefur komið að, ásamt nokkrum nýjum lögum.

Fyrsti diskur hljómsveitarinnar "Austfirskir staksteinar" kom út árið1996 og hafði hann að geyma lög og texta eftir 15 austfirska laga og textahöfunda.. Diskurinn er nú algerlega ófáanlegur.

Árið 1997 var síðan gefinn út diskurinn " Við tónanna klið" sem inniheldur 19 lög Óðins G. Þórarinssonar frá Fáskrúðsfirði. Diskurinn er nú nánast ófánlegur.

Eftir nokkuð hlé á útgáfu var síðan árið 2003 gefinn út diskurinn "Austfirskir staksteinar 2 " en hann hefur að geyma lög og texta 18 höfunda. Sá diskur er nú á þrotum.

F.h Danshljómsveitar Friðjóns Jóhannssonar
Friðjón Jóhannsson Gilsbakkavegi 13 600 Akureyri
Ráðningar og pöntunarsími. 862 1403 netfang frjo@ simnet.is heimasíaða 123.is/dans